Já, ég hef orðið var við að fólk hafi orðið mér reitt fyrir að koma með svona hugmyndir. En ég held að heimamenn verði raunverulega að gera það upp við sig hvað skuli taka til bragðs vegna stöðugar fólksfækkunar. Ég held að ríkisvaldið verði að bjóða einhverja valkosti. Segjum t.d. sem svo að ríkið hyggist leggja út í stórvirkar hafnarendurbætur á stað þar sem fólk fer fækkandi og það hefur ekki lengur það mikla trú á framtíð staðarins að það vilji sjálf leggja út í fjárfestingu í íbúðarhúsnæði. Í slíkum tilvikum finnst mér að ríkið ætti að hugsa sig um tvisvar og gaumgæla framtíðar- móguleika hins tiltekna staðar. Þá held ég að væri raunhæft að ríkið semdi við viðkomandi sveitarstjórnir og athugaði í samvinnu við þær hvort ekki myndi reynast hagskæmra fyrir alla aðila að taka mið af þróuninni. Ég álit að ríkið ætti þá að hjálpa löki til við að draga saman og einnig „pakka í vörn“ á vænlegri stöðum. Vænlegri staði kalla ég þá sem eru miðsvæðis í héraðum, t.d. við helstu vegamót héraða. Dæmi um slíka staði sem fylgja miðsókna-myntstrinu, eru t.a.m. Selfoss og Egilsstaðir. Í stað þess að fjárfesta upp á von og óvon í heilugastuðöð eða hafnarmannvirkni í einhverju annesjapörpinu ætti ríkið eins að vera í stakk búið til að kaupa eignir eða veð í slíkum stöðum. 200 manna þorp telur kannski 50 íbúðarhús og ríkið gæti t.d. borgað hver-

um íbúðareiganda eina milljón upp í húsnæði og reynt síðan að fá áttbagafléttu eða verkafélagsfléttu til þess að kaupa íbúðirnar á móti sér. Þorpin gætu þannig orðið að sumarhúsbýggð líkt og Ölfusborgir. Mér dettur þetta í hug sem móguleiki. Það hefur lengi verið reynt að hamlá á móti fólksflótti frá Vestfirðum og norðausturhorninu, en lítil sem enginn árangur orðið. Það þýðir ekki að halda áfram að lemja hausnum við steininn. Þá er betra að taka þessa ákvörðun fyrir en seinna og forða því að fólk flytji burt alfarið eftir áratuga uppbyggingarstarfi.

SPRENGISANDSLEIÐ

Meginatriði í tillögum þínum er uægur yfir hálandið um Sprengisand. Þú minnst jafnvel á hugsanlega staðsetningu nýrrar borgar undir glerkúplu uppi á órefum.

Ég byrjaði að skrifa um landskipulag fyrir á að giska tíu árum og þá var ég að leitast við líta eins og 100 ár fram í tímann. Við vitum að það eru ekki nema hundrad ár síðan Reykjavík var svipað stór og aðrir verslunarstaðir í kringum landið. Síðan þá hefur það gerst að allri verslun og samgöngum hefur verið beint til Reykjavíkur. Þar sem vegir voru lagðir þar styrktist byggðin. Reykjavík dafnaði mjög á því að allir flutningar til landsins voru með

skipum. Það voru í raun aðeins hafnarbær sem gátu vaxið á þessu þróunarskeiði í sögu landsins. Það er í raun órskammt síðan vegasamgöngur urðu greiðar, við áttum okkur oft ekki á því. Vegatenging fyrir Hvalfjörð kom t.d. 1931, en fyrir var engin samgönguleið um landveg vestur. Og hringvegstenging kemur ekki fyrr en upp úr 1970. Fyrir þann tíma var ekkert samband milli Austurlands og Suðurlands. Með tilkomu þessara vegna fóru báir í innsvæitum að vaxa: Selfoss, Egilsstaðir, o.þ.l. El þessu heldur áfram, að umferð á landi og í lofti taki í æríkara mael við af skipaunferð, þá er t.d. mjög líklegt að fleiri alþjóðaflugvællir bæstis við í landsinn innan tíðar, á Akureyri t.a.m. Þar með væri strax komin fram samdráttartilheinging á suðvesturhorninu. Og ef vegur kæmi yfir hálandið myndu viðhorfin breytast mjög mikið. Hringvegurinn eins og hann er í dag gegnir einfaldlega ekki hlutverki sínu sem meginfléttu landsins. Hálandisvegur yrði aftur á móti bein lífað á milli Suðurlands og Norðurlands. Sem dæmi get ég nefnt að fyrir nokkru vakti staðsetningu limtrésverksmiðja á Flúðum í uppsveitum Arnessýslu nokkurn úllafjart vegna þess að eins og nú hafa engin verksmiðjan í útjaðri markaðssvæðisins. Með hálandisvegum um Sprengisand myndi þetta

markaðssvæði hins vegar stækka vertulega og staðsetning sem áður var í útjaðri yrði skyndilega í allara leið á milli tveggja stærstu markaðssvæða landsins. Menn loka gjarna augum fyrir svona hlutum. Núverandi vegalengd frá Búrfellsvirkjun til Akureyrar er t.d. um 600 km, en um hálandisveg yrði vegalengdin ekki nema um 240 km. Vegagerð ríkisins gerir hins vegar núverandi ástand að forsendu. Þegar vegagerðarmenn eru spurðir út í hugsanlegan móguleika á tengingu Suð- og Norðurlands um hálandið er viðkvæðið. „Já, en milli uppsveita Suður- og Norðurlands er bara engin umferð!“ Auðvitað er engin umferð þar sem enginn vegur er! Þetta er dæmigert fyrir þá þróingsyni sem virðist algeng hér þegar lagt er í vegairamkvæmdir. Þegar það er staðhaft að engin viðskiptatengsl séu á milli t.d. Selfoss og Akureyrar, þá verður við að gæta að því að það er einfaldlega afleiðing af því að veginn vantar þarna á milli. Það er t.d. mjög líklegt að ferðamannastraumur aukist mjög á þessum stöðum með opnun Sprengisandsleiðar. Þegar við breytum þannig frumforsendum, þá verður ósjálfrátt breyting. Þá fer byggðin að þróast þannig að það verður hagkvæmt fyrir fyrirtæki að vera staðsett nærri miðju landsins. Þannig gæti markaðssvæðið verið jafnt á norðaustur-

horninu sem á Suður- eða Vesturlandi.

HÉRAÐSMÍÐSTÖÐVAR

Þú nefnir staði eins og Varmahlíð í Skagafirði, Skútustaði við Mývatn og Flúðir í Hrunamannahreppi sem ákjósanlega byggðakjarna. Jafnvel úrkynarsvæði Búrfells og Jökulsár víðast þar inni í dæminu?

Já, á þessum stöðum komum við einfaldlega inn á „náttúruleg“ vegamót. Héraðsmiðstöðvar munu væntanlega myndast sjálfkrala á slíkum stöðum sem eru nokkurn veginn miðsvæðis og þar sem leiðir skerst. En áður er nauðsynlegt að koma á jafnvægi í byggðum landsins. Eins og nú horfir stefnir allt í slagsíðu á suðvesturhorninu. Ég er hræddur um að við séum komin á æði kritískt stig á vogarskálum byggðanna. Ég held að það þurfi að gerast á tiltölulega skömmum tíma að byggðaröskunin verði stöðvuð. Annars fæ ég ekki séð að unni verði að halda uppi frumþjónustugreinum eins og t.d. bara á matvöruverslun. Þannig að ég held að nú verði að leggja til úrslitaorrustu um þetta mál og það fyrr en síðar. Sú áferð sem stjórnvöld hafa hingað til beitt við að byggja upp á afskekktum stöðum hefur verið fullreynd og löngu sýnt að hún ber ekki þann árangur sem til þarf. Ég held að það rétta í málinu sé að breyta um frumforsendum: Að gera landshlutum kleift að snúa bókum saman og hafa samvinnu um markaðssvæði, en slíkt er útilokað eins og háttar til í dag. Það er eins og fólk sé státt á sitt-hvorri eyjunni. Sprengisandsleið myndi hins vegar læra landshlutana saman svo hundruðum kílómetra skipti. Þetta er ein aðgerð sem kostar (þ.e. vegur með bundnu slitlagi niður í Bárðardal) einar 540 milljónir, en það er u.þ.b. sama upphæð og Ólafsfjarðargönginn munu kosta, svo dæmi sé tekið. Eins og mið standa nú vantar í raun ekki mikið upp á að tengja saman Suður- og Norðurland með göðum vegi. Landsvirkjun er búið að leggja 117 km langan veg frá Búrfelli og upp á miðjan Sprengisand. Frá þeim stað, Háumýrum, eru aðeins 80 km niður í Bárðardal og 115 km niður í Járðardal. Síðan myndu koma gearir frá hálandinu, t.d. til Varmahlíðar í Skagafirði og til Mývatns. Einnig gæti þarna komið Austfjarðaleið frá Háumýrum til Jökulsárvirkjana og þaðan til Egilsstaða. Þessir staðir yrðu „eðlilegar“ héraðsmiðstöðvar framtíðarinnar. Þetta er töluvert breytt viðhorf frá því sem nú er, þegar sjávarplássin gegna hlutverki héraðsmiðstöva. Það er mikilvægt að slíkar héraðsmiðstöðvar verði raunveruleg alþémi héraðsins og til að svo megi verða þá þetta þær að vera staðsettar sem næst miðju héraðsins, vera miðlegar. Þannig er ég ekki aðeins að tala um miðlegni varðandi landið allt, heldur einnig um miðlegni í hverju héraði fyrir sig.

TÍMANNA TAKN

Á hnjúnum

Sjónvarpið drepur biðin. Aukið sjónvarpsframboð eykur ekki kvikmyndavalið heldur minnkar það.

Þróun aðsóknar í kvikmyndahúsum fylgir nákvæmlega þróun sjónvarpsins. Aðsóknin fór að minnka upp úr 1965 (stofnun íslenska sjónvarpsins) en eykst aftur (einstakt í allri Evrópu) frá 1974, þegar lokar var fyrir ameríska sjónvarpið. Aðsóknin hefur síðan minnkað stöðugt frá 1980, vegna myndbandanna og síðar Stöðvar 2.

Af þeim 36 kvikmyndahúsum sem til voru út á landi fyrir 15 árum eru bara fjögur eftir serpsýna reglulega allt árið um kring: Á Ísafirði, Akureyri, Kópavík og Akranesi, en kvikmyndahúsið þar stendur höllum fæti.

Í Reykjavík hafa 2 ný biðhús verið byggð hin síðustu ár,

Regnboginn og Biðhöllin, og salafrjóði hefur aukist. En sætafrjóði hefur minnkað mikið þar sem á sama tíma hafa horfið Hafnarbið, Gamla bið, Tónabíð, Nýja bið, Kópavogsbíð og kvikmyndahúsin tvö í Hafnarfrjóði.

Fleiri salir, meira val? Einnmitt öfugt. Kvikmyndir þvælast milli sala en kvikmyndahúsin úti á landi bjarga ekki lengur kvikmyndum sem ganga illa. Kvikmyndahúsin taka mið af áhættu, þau sýna sífellt færri myndir.

Miðaverð hefur hækkað miklu meira en vísitalan. Kvikmyndabúsáeigendur verða að sýna myndirnar áður en þær koma á myndbandamarkaðinn. Þeir borga hærra verð fyrir þessar splunkunýju myndir á meðan aðsóknin minnkar.

„Á hnjúnum fyrir framan viðskiptavininn“ virðist vera slag-

orð Stöðvar 2 og ríkissjónvarpsins. Engil-saxneskar myndir, fleiri engil-saxneskar myndir, bara engil-saxneskar myndir! Svo ekki sé minnst á myndbandamarkaðinn. Dag einn spurði ég á einum af þessum haugum: Hefið þið saxneskar myndir? Og svarið var: Gera Svíar myndir?

„Útlenskar“ myndir (þ.e.a.s. aðrar en amerískar) hverfa af hvíta tjaldinu.

	1976	1985
Bandarískar, breskar	191	208
Franskar, ítalskar	34	7
Danskar, sænskar	15	3

Vörumst það samt að ásaka kvikmyndahúsáeigendur, úrval-

ið endurspeglar bara úrkynjaðan smækk sjónvarpsáhorfenda.

Þegar Frakkur héldu kvikmyndaviku fyrir nokkrun árum tóku þeir háskólabíð á leigu. Núna láta þeir sér nægja lítinn sal í Regnboganum. Svíar treystu sér til að leigja Austurbærjörvi í heila viku. Hvar eru þeir nú?

Kvikmyndaklúbbur framhaldsskólanna, Fjalakötturinn, sem sýndi nokkrun sinum í viku í Laugarásbíð, er í dag horfinn eins og húsið.

En hvað um íslenskar kvikmyndir? Það er hægt að afgreiða þær í einni setningu: Íslenskar myndir fengu 23.000 áhorfendur 1985 og 37.000 árið 1986, það er að segja færri en ein meðal Rambó-mynd.

Gérard Lemaquis

FRÉTTIR

Miðhálandið

TIL HVERS? FYRIR HVERJA?

Trausti Valsson skipulagsfræðingur hefur oftar en einu sinni hrist upp í landsmönnum með skoðunum sínum og skrifum um skipulagsmál. Hann segist í samtali við **Hildi Friðriksdóttur** vera ósáttur við að aðeins ein hugmynd um landnýtingu sé lögð fram um miðhálandið. Hann telur að fyrst þurfi að ákveða hvaða megináherslur verði ofan á í atvinnumálum og landnýtingu áður en ákvörðun um skipulag miðhálandisins verði fest í sessi.

heldur er gott að hugsa mál út frá einni meginreglu sem er sett mjög skýrt fram. Ef við erum með hugmyndir um að stytta vegalendir á Íslandi þá liggja stystu leiðir um hálandið.

– Í bókinni, *Ísland hið nýja*, segir að á námsárum þínum í Vestur-Berlín hafi nemendum verið innrætt að þeir settu að verða eins konar menntaðir einvaldar og súpermenn í mótun hugmynda um framtíðina. En eftir heimkomu úr doktorsnámi í Berkeley í Kaliforníu hafir þú það að nýtt fagnaðareringi af álíka ákæfð og hina prússnesku stjórnvísu áður. Ertu þessi ákafamaður sem fær nýja sýn og boðar hana hverju sinni fallur ekkimóðs?

„Ég held að það sé ekkert slæmt fyrir fræðimenn að taka mjög afgerandi áfstöðu og taka fyrir eitt sjónar-

un um framtíðina. „Ætlium við að leggja áherslu á verndunarsjónarmiðin og fá hærra verð fyrir fiskinn og kjótið, stóriðjuleiðina, ferðamannþjónustu í stórum stíl eða eigin við að fara út í þekkingariðnað?“ spyr hann. Segir síðan að allar þessar framtíðarhugmyndir þýði hver um sig gjörólíka mynd af Íslandi. „Stjórnsmálmenntu að láta skilgreina afleiðingar hverrar slíkrar stefnu um sig, þ.e. að láta teikna Ísland sem verndunarland með þjóðgörlum og ferða- og fjallaskálmum í litlum skala. Annað kort þar sem gengið er út frá fjöldaferðamennsku með stórum hótélum, jafnvel fjalla-hótélum. Þriðja kortið sem orkuind- aðarland og það fjórða sem þekkingarland. Vegir sem eiga að þjóna ferðajónustu liggja að hluta um annað landsvæði en vegir sem þjóna

tuttugu ár að fá yfirvöld til þess að leggja af stað í miðhálandisvinnuna,” segir hann.

Þótt hann gleðjast yfir að hreyft hafi verið við þessum málaflökki gagnrýnir hann hvernig staðið hefur verið að málum. Árið 1991 hafi Eidoor Guðnason þáverandi umhverfisráðherra lagt fram frumvarp um, að allt miðhálandið yrði gert að einu stjórnsýsluáæðmi í umsjón ákveðinnar nefndar. Ráðherra hafi sjálfur ætlað að skipa formann, varaformann og meirihluta nefndarmanna. Vegna andstöðu bænda hafi hann orðið að bakka með tillögnum.

Framtíðarþjóðmálafestna í höndum skipulagsnefndar

Þá segir hann að Alþingi hafi ekki staðið vel að málum árið 1993. Það hafi farið út í hinar öfgarnar og framselt nefnd með fulltrúum úr þrettán byggðanefndum það vald að búa til þjóðmálafestna Íslands í framtíðinni fyrir nær helming landsins. „Nefndinni hefur verið leyft að hla til nýja orkumála-, samgöngu-, ferðamála- og verndunarstefnu. Sá sem er með skipulagsvaldið þarf ekki að spyrja neinn álits, hvorki ráðherra, ráðuneyti né þingmenn.“

Hann segir að verndunarleiðin, en þó ekki hvað varðar beit, hafi orðið ofan á, enda hafi nefndin aðallega verið skipað einum hagsmunaaðila, þ.e. bændum. „Eins og alltaf notar sá sem ræður skipulaginu þó til að styrkja eigin hagsmuni. Bændur vilja ekki heldur að ferðajónustan þróist á vegum ferðaskrifstofa uppi á hálandinu heldur að menn þurfi að sækja nauðpurftir til byggða. Verndunarleiðin þýðir einnig að öllum framkvæmdum á hálandi verður haldið í lágmarki; jarðhitányting verður alfarið útilokud og um helmingur af nýtingu vatnsafls, auk þess sem uppbyggingu ferðajónustu verður haldið í lágmarki.“

– Er þetta röng stefna á tímum umhverfisverndarmála?


„Ég er ekki að leggja mat á hvort þetta sé rétt eða rangt heldur að benda á að þetta eigi að vera ákvörðun þjóðkjörinna stjórnsmálanna. Að vissu marki er hægt að blanda saman stóriðju og verndun, en augljóslega er ekki hægt að auglýsa Ísland sem verndunarland í fyrsta flokki og vera síðan í fararbroddi í heiminum að byggja upp mengandi stóriðju.“

– Hverjar eru þínar hugmyndir um miðhálandið?

„Þær snúast um vinnuáæfðir. Ég vil að fyrst og fremst séu búnir til 3-4 valkostir og þá ekki bara skipulag um miðhálandið heldur að það sé í sambengi við það sem í kringum það er. Það er auðvelt að gera þetta tvennt í einu, þ.e. skipulagshugmynd fyrir miðhálandið og landið í heild, hvort sem það er rafliukerfi, vegakerfi, kerfi ferðastaða, orkuvinnslu eða þjóðgarða. Þetta þarf allt að ákvarðast í ljósi heildarinnar. Þessar skipulagshugmyndir þyrfti að gefa út í vel lesilegum mælikvarða. Þannig gætu menn tekið þátt í þjóðmálumáruðu eða sveitarstjórn, en í ákvörðun yrði tekið.“

Tvö frumvörp á þingi

Trausti segir að skipulagsmálin hafi verið á hendi félagsmálaráðherra fram til 1990 þegar umhverfisráðuneytið var stofnað, sem þá hafi yfirtekið málaflökkin. Það sé í lagi á mælikvarða sveitarstjórnar, en í sambandi við skipulagningu landsins í heild sé ekki sé rétt að láta einn hagsmunaaðila, þ.e. umhverfisráðuneytið hafa stjórnunina. Hún sé be-



TRAUSTI Valsson skipulagsfræðingur segir ekki undarlegt að verndunarleiðin hafi orðið ofan á við skipulagningu miðhálandisins þar sem nefndin hafi aðallega verið skipuð einum hagsmunaaðila, þ.e. bændum.

Morgunblaðið/Árni Sæberg

EFTIR Trausta Valsson liggur fjöldi blaðagreina og viðtala auk fimm bóka um skipulagsmál. Í nýjstu bók hans og Birgis Jónssonar jarðverkfræðings, *Ísland hið nýja* sem kom út síðastliðið haust og var raunar styrkt af forsætisráðuneytinu, er meðal annars fjallað um skipulagningu miðhálandisins. Segir á bókarkápu að í bókinni sé sérstaklega varað við „alvarlegum mistökum sem nú eru að gerast í lagasetningu og stjórnun. Með vanhugsadri ofverndun er verið að hamla nýtingu á þessu framtíðarlandi Íslands.“

Áhuga sinn á miðhálandinu segir Trausti að megi rekja til þess tíma, er hann var nýkominn úr námi 1972. Þá hafi ekkert verið byrjað að huga að skipulagningu þess. Árið 1974 var hann kominn með þá hugmynd að á sama hátt og borgarskipulag er unnið væri skynsamlegt að gera eins konar Íslandsskipulag.

Hann uppgötvaði fljótlega að engin kortagögn voru til í sambandi við skipulagningu landsins eins og í „ölli-

um venjulegum löndum“. Hann fékk styrk til að útbúa grunnkort fyrir Íslandsskipulag og gaf í framhaldi af því út bókina *Hugmyndir um fyrsta heildarskipulagi Íslands*.

Hugmyndin um hálandisvegi var „sjokkmeðferð“

Eina af röttækustu hugmyndum sínum setti hann fram 1977 og endurvakti hana 1987 þegar hann kom úr doktorsnámi. Hún gekk út á hálandisvegi með bundnu slitlagi á milli landshluta, radar í bílum og radar-spegla meðfram vegum, 2-3 þjónustumiðstöðvar sem sinatu bæði hlutverki gæslu- og hjálparstarfs. Hann segir að til að vekja athygli á málinu hafi hann sett það fram sem nokkurs konar „sjokkmeðferð“. „Hugmyndin var svo röttæk að ég setlaði varla að þora að setja hana fram í fyrstu.“ Viðurkennir hann nú. „Á þeim tíma hafði aðeins takmarkaður hópur komið upp á hálandið. Til að koma umræðum í gang þarf oft að setja fram afgerandi og djargar hugmyndir. Þær þurfa ekki endilega að vera þær einu réttu eða þær sem stjórnvöld ákveða að framkvæma,

horn.“ svarar hann með votti af brosi. „Þegar ég kom frá Berlín vildi ég nánast að öllu yrði miðstýrt. Engin skammtíamálsmenn settu að ráða för. Nú hef ég séð að erfitt er að búa til fasta skipulagsáætlun um framtíðina, til dæmis 20 ár fram í tímann. Mér finnst ágætt að lítið sé á skipulagsgögn sem leiðsögugögn, sem stjórnsmálmenntu nota á sama hátt og leiðsögumáður sem fer með hóp ferðamanna í öbyggðir. Hugmyndirnar eiga síðan að móttast, ekki bara af leiðsögumanninum heldur í samvinnu við hann hóp sem hann leiðir, þ.e. þjóðfélagið.“

Vantar fleiri skipulagstillögur

Hann bætir við að ein af megin-gagnrýni sinni á miðhálandisskipulagið sé, að þar sé bara sett fram ein hugmynd. Þegar málið varði næstum helming af flatarmáli landsins og ákvarðanirnar snerti alla framtíðina, verðum við að leyfa okkur að skoða alla möguleika.

Hann tekur fram að Ísland standi á tímamótum, þar sem við séum að ferast frá sjávarútvegsskipulagsforminu en höfum ekki tekið ákvörðun

virkjnum. Með þessu er hægt að sjá hvar framkvæmdir gætu nýst saman, hvar áreksstrar verða og hvað felur í sér að vera með ákveðna þjóðmálafestnu.“


Menn hins skrifaða orðs

– Þú hlýtur að hafa komið hugmyndum þínum um þessar tillögur eða kort á framferi við stjórnsmálmennt. Hver hafa viðbrögð þeirra verið?


„Fremur lítil, enda held ég að á þingi séu næsta fáir tæknimenn aðrir menn úr raunvísindageiranum. Þar sitja nær eingöngu menn hins skrifaða orðs, sem hafa litla þekkingu á að lesa úr kortum. Helst eru það fyrrverandi sveitarstjórnarmenn, sem hafa ekki komist hjá því að vinna með kort. Þingmenn taka alls kyns ákvarðanir oftast án þess að fara ofan í saumana að þessu leyti, til dæmis um virkjun án þess að víta hvort þar sé eldgosahætta.“

Trausti kveðst samt ekki geta kvartað yfir því að hugmyndir hans í gegnum tíðina hafi ekki fengið viðbrögð en athyglin hafi dreifst á langt tímabil. „Það tók til dæmis nærri

MÍÐHÁLENDI ÍSLANDS: Svæðisskipulag 2015



AD VISSU marki er hægt að blanda saman stóriðu og verndun, en augljóslega er ekki hægt að auglýsa Ísland sem verndunarland í fyrsta flokki og vera síðan í fararbroddi í heiminum að byggja upp mengandi stóriðu.



FIMM meginþróunarleiðirnar, sem um er að velja. Myndin sýnir hverjar passa best saman.

ur komin hjá forsætisráðherra. Tvö frumvörp, sem hafa áhrif á umráðarétt miðhálendis, voru lögð fram á þingi fyrir jól. Annars vegar lagði Páll Pétursson félagsmálaráðherra fram frumvarp um sveitarstjórnarmál, þar sem gert er ráð fyrir að miðhálendinu og jöklunum verði skipt upp á milli aðliggjandi hreppa. Að sögn Trausta þýðir þetta að skipulagsréttur fylgir lögsagnarrettinum. Hann segir óskiljanlegt

„Stjórnmalamenn ættu að láta skilgreina hverja stefnu fyrir sig, s.s. verndunarleiðina, orkuíðnaðarleiðina og ferðamannaleiðina“

með öllu, að þrátt fyrir að Alþingi sé ekki búid að samþykka hugmyndina um að skipta miðhálendinu á milli sveitarfélaganna, sé Skipulag ríkisins búid að hleypa mörgum hreppum og svæðaskipulagsnefndum af stað með skipulagningu.

Hins vegar lagði Davíð Oddsson fram svokallað þjóðendurfrumvarp, sem gerir ráð fyrir því að almenningar og það land sem menn geta ekki sannað rétt sinn á verði eign þjóðarinnar. Þetta frumvarp er mjög vel gert að mati Trausta, sem segir að það fari bil beggja. „Þá er það ekki umhverfisráðherra heldur forsætisráðherra sem fer með þjóðendurnar, sem er gott því hann er ekki fulltrúi eins sérstaks hagsmunahóps. Leyfi forsætisráðherra þarf til að nýta auðlindir til lengra tímabils en árs en sveitarstjórnir geta ráðstafað ýmsu innan þeirra tímamarka. Verði frumvarpið samþykkt sé nauðsynlegt að gera þá breytingu eða fyrirvara á sveitarstjórnarfrumvarpi Páls, að á miðhálendinu fylgi skipulagsrétturinn ekki lögsagnarrettinum. „Þessi frumvörp stangast því á,“ segir Trausti.

Ráðherra skipi nýja nefnd

– Hvað hefur verið vel gert í skipulagningu miðhálendisins að þínu mati?

„Ávinningurinn er fyrst og fremst að málið komst á dagskrá, því ekki var lengur hægt að láta reka á reiðanum. Menn byggðu skála hvar sem þeim sýndist, frárænnismál voru í ólestri, virkjanasvæði voru ákveðin út frá alltof þröngu sjónarhorni og ekki hafði verið lagt mat á náttúruverndar- og umhverfissjónarmið þegar slíkir staðir voru valdir. Núna þurfum við að leggja þessa tillögu til hlíðar, samþykka þjóðnýtingarfrumvarpið og síðan þarf forsætisráðherra að skipa nýja nefnd sem dregur upp, helst fyrir aldamótin, mynd af þeim þróunarleiðum sem þjóðinni þjóðast á þessum miklu tímamótum.“

Okkar gagnrýni barnahjal miðað við annarra

– Í heildina felst mikil gagnrýni í bók ykkar Birgís. Hafa einhverjir tekið undir hana með ykkur?

„Þegar bókinn kom út í haust þótti mörgum, að við værum að sjúða yfir markið. Hún er hins vegar barnahjal þegar athugasemdir ýmissa öflugustu stofnana þjóðarinnar við skipulagstillöguna eru skoðaðar. Þeir sem eiga hagsmunna að gæta fordæma þessa vinnu í bak og fyrir, bæði sem gjörning af hálfu skipulagsyrvalda

sem og fagleg vinnubrögð,“ segir Trausti og vísar hér í rúmlega 300 blaðsíða fjölrit, sem gefið var út með athugasendum 96 aðila.

Þá segir hann að Stefn Thors skipulagsstjóri hafi að nokkru leyti tekið undir sjónarmið sitt um að öðruvísi mætti hafa staðið að undirbúningi og skipulagsvinnu hálendisins, meðal annars með því að gera fimm ára rannsóknaráætlun sem síðan hefði verið unnin úr. Hafi þetta komið fram á ráðstefnu í september síðastliðnum. „Með ummælum sínum varpar hann í raun ábyrgðinni yfir á Alþingi, en það afsalad sér öllum þessum rétti til fámennrar nefndar eins og ég nefndi áður.“

– Litur þú svo á að með skipulagningu sé búid að loka á allar breytingar í framtíðinni?

„Nei, en þegar tekin hefur verið ákvörðun um verndunarsvæði og þau hafa verið vernduð í 1-2 áratugi, er nær útilokað að nýta orkuna þar. Tökum til dæmis Skaftafell eða Jökulsárgljúfir. Nú dytti engum í hug að setja þar virkjun. Ákveðin helgi kemur á svæði sem hafa verið vernduð, einkum ef farið yrði að auglýsa miðhálendinu sem stærsta hjóðgarð Evrópu. Mér finnst ekki heldur síðferðilega rétt að núverandi kynslóð geti leyft sér að taka ákvörðunarréttinn af komandi kynslóðum hvað miðhálendilönd varðar.“

TANDUR með nýja húsið að Hesthálsi 12

Tandur hf. valdi limtré og Yleiningar frá Limtré hf. vegna gæða, verðs og hægkvæmni. Með því móti getur Tandur komið betur til móts við viðskiptavinina sína með aukinni hægkvæmni í rekstri og bættri þjónustu. Við öskum þeim til hamingju með hægkvæman íslenskan kost.

LÍMTRÉ HF.

Limtré hf. - Ármúla 11 - 108 Reykjavík - Sími 568-7202 - Fax 568-7252

Byggingaraðili: Tandur hf.

Arkitekt: Sigurður Gíslason

Byggingastjóri: Guðjón Samuélsson

Framleiðandi: Limtré hf.

Skipulag landnotkunar & landnýtingar á Íslandi

Málþing á vegum Skipulagsfræðingafélags Íslands og Skipulagsfræðideildar Landbúnaðarháskóla Íslands í Norræna húsinu - 2012

Samræmi Rammaáætlunar og Landsskipulagsstefnu

Trausti Valsson PhD Prófessor í skipulagsfræði við Háskóla Íslands

Tilgangur Rammaáætlunar hinnar nýju er að finna þá kosti sem best henta til virkjunar frá sjónarhóli hagkvæmni og verndunar. Mikil framför varð þegar verndun var tekin inn sem sjálfstætt atriði í landnotkun, meðfram athuguninni á virkjunarkostunum. Faghópur 2 vann að þessu mati. Eftir stendur að það eru fleirri skipulagssjónarmið sem hefðu þurft að vegast á móti þessum atriðum, og nauðsyn hefði verið á að rammi verkefnisins væri landið allt.

Eitt fyrsta skrefið í undirbúningi gerðar Tillögu að Landsskipulagsstefnu 2013-2024 var samantekt yfirlits um stefnu stjórnvalda í einstökum málaflokkum sem varða landnotkun. Viss galli var að Rammaáætlun var ekki komin fram, og hefur síðan tafist í umræðu. Landsskipulagsstefnan gat að vísu stuðst við Orkustefnu fyrir Ísland, skýrslu starfshóps frá 2011.

Höfundur þessa erindis setti fyrstur manna fram hugmyndir um Landsskipulag fyrir um 38 árum. Stórt skref í vinnu hans að mótun þess um hvað Landsskipulag ætti að snúast, var er hann fékk ársstyrk frá Tilgangur Rammaáætlunar hinnar nýju er að finna þá kosti sem best

henta til virkjunar frá sjónarhóli hagkvæmni og verndunar. Mikil framför varð þegar verndun var tekin inn sem sjálfstætt atriði í landnotkun, meðfram athuguninni á virkjunarkostunum. Faghópur 2 vann að þessu mati. Eftir stendur að það eru fleirri skipulagssjónarmið sem hefðu þurft að vegast á móti þessum atriðum, og nauðsyn hefði verið á að rammi verkefnisins væri landið allt.

Eitt fyrsta skrefið í undirbúningi gerðar *Tillögu að Landsskipulagsstefnu 2013-2024* var samantekt yfirlits um stefnu stjórnvalda í einstökum málaflokkum sem varða landnotkun. Viss galli var að Rammaáætlun var ekki komin fram, og hefur síðan tafist í umræðu. Landsskipulagsstefnan

gat að vísu stuðst við Orkustefnu fyrir Ísland, skýrslu starfshóps frá 2011.

Höfundur þessa erindis setti fyrstur manna fram hugmyndir um Landsskipulag fyrir um 38 árum. Stórt skref í vinnu hans að mótun þess um hvað Landsskipulag ætti að snúast, var er hann fékk ársstyrk frá CCMS í Brussel 1979 til að kortleggja byggðaforsendur á Íslandi, bæði þær jákvæðu og þær neikvæðu. Með þetta vann hann áfram í dr. námi sínu í Kaliforníu. Fyrstu niðurstöður komu út í fjölríttinu *Hugmynd að fyrsta heildarskipulagi Íslands*, 1987.

Eftir að erindishöfundur tók við dósentstöðu í HÍ 1988 snérist mörg stúdentaverkefni um þætti Landsskipulagsins. Niðurstöður þeirra nýttust vel við útgáfu fleirri bóka: *Framtíðarsýn: Ísland á 21. öld*, 1991; *Land sem auðlind - Um mótun byggdamynsturs*, 1993; *Við aldahvörf - Staða Íslands í breyttum heimi*, 1995 (með Albert Jónssyni); *Ísland hið nýja*, 1997 (með Birgi Jónssyni); *Vegakerfið og ferðamálin*, 2000; *Skipulag byggðar á Íslandi*, 2002 og *How the World will Change - with Global Warming*, 2006. Auk þessa hefur hann skrifað fjölda greina um Landsskipulag, Byggðastefnu, Byggdamynstur osfrv.

Erindishöfundurinn mun útskýra - á grunni þessarar reynslu sinnar - hvaða galla hann telur á því að móta frumþætti Landsskipulags út frá þeirri aðferð að skipta viðfangsefninu í þrjú hluta og að láta tímarammann ná aðeins til 11 ára. Einnig telur hann að það sé ekki rétt að láta samantekt á nær aðeins stefnumiðum núverandi stjórnvalda vera það sem móti stefnuna um Landsskipulag. Sú stefnumótun sem nú er í gildi, er að mestu mótuð af fyrstu hreinu vinstristjórn á Íslandi, og mikil óánægja með marga þætti þeirrar stefnumótunar, t.d. innan Framsóknar- og Sjálfstæðiflokka. Búast má við mikilli óánægju þeirra þegar Landsskipulagsstefnan verður lögð fram á Alþingi.

Landsskipulag verður að vinnast á þann hátt að sem víðtækust sátt sé um það (líkt og með Stjórnarskrána), og að það setji fram sýn sem ekki er aðeins mótuð af þeim sem eru við stjórnvölinn hverju sinni, heldur sé skematísk sýn til langs tíma, sem sneiði fram hjá öfgum og pólitísku moldviðri líðandi stundar.

Innlent

Mikil tækifæri með hálandisvegi norðan Vatnajökuls

Svavar Hávarðsson skrifar 12. nóv. 2013

Mögulegt er að stytta leiðina frá Reykjavík til Egilsstaða um rúmlega 200 kílómetra með hálandisvegi norðan Vatnajökuls. Slíkur vegur fellur vel að því að hann sé lagður í einkaframkvæmd. Gildandi skipulag útilokar hins vegar veginn.

Þetta kom fram í máli *Trausta Valssonar*, prófessors í umhverfis- og byggingafræðideild við Háskóla Íslands, sem fjallaði um Austurland í tilliti til samgangna á atvinnumálaráðstefnu Austurbrúar í síðustu viku. „Fjórðungurinn er allra verst staddur hvað samgöngur varðar,“ sagði Trausti.

Öryggismál

Hann benti á að bæði leiðin um Norðurland og Suðurland til Austurlands hefðu stóra galla; þá ekki síst þjóðvegurinn um Suðurland sem reglulega rofnar vegna náttúruhamfara. Væri nærtækt að nefna að flóð vegna Kötlugoss, sem aðeins er tímaspursmál, mun sópa veginum á tugkílómetra kafla á haf út. Sagan sýnir einnig að gera má ráð fyrir rofi á veginum á 15 ára fresti.

„Þess vegna tel ég að Vatnajökulsvegur, hálandisvegur frá Sprengisandsleið til Austurlands, sé mikilvægur fyrir fjórðunginn sem öryggis- og varaleið. Með gerð Háslóns kom mjög góður vegur hálfleiðina og vantar nú aðeins um 80 kílómetra tengingu þaðan yfir á Sprengisandsleið. Vegurinn myndi stytta leiðina frá Reykjavík til Egilsstaða um meira en 200 kílómetra.“

Einkaframkvæmd

Vegna hinnar miklu styttingar væri auðvelt, að mati Trausta, að klára veginn í einkaframkvæmd því vegtollur mætti vera allnokkur vegna sparnaðar ferðamannsins við styttinguna. „Þegar þessi vegur væri kominn myndi innlendum og erlendum ferðamönnum frá suðvesturhorninu til Austurlands fjölga geysilega, meðal annars vegna möguleika á mörgum nýjum hringleiðum,“ sagði Trausti og bætti við að yrði vegurinn lagður í einkaframkvæmd myndi það í engu skipta um aðra uppbyggingu samgangna á Austurlandi, eins og heimamenn óttuðust þegar hugmyndin kom fyrst fram.

„Stærsta skrefið til að þetta komist á dagskrá hér eru samtök um það að stofna hliðstætt fyrirtæki eins og Spöl vegna Hvalfjarðarganga. Þar réði úrslitum að heimamenn stofnuðu fyrirtækið, en ef Austlendingar fara að gera úr þessu mikinn ágreining þá verður ekkert úr neinu.“

Skipulagsmálin

Trausti benti hins vegar á að í samræmdri Samgönguáætlun eru fjórir hálandisvegir gerðir að stofnvegum í vegakerfinu, eins og hringvegurinn er. Enginn slíkur stofnvegur væri hins vegar sýndur til Austurlands, vegna þess að svæðisskipulag gerir ekki ráð fyrir honum.

Árið 2015 fellur svæðisskipulagið úr gildi. Vegna þess er í svokallaðri landsskipulagsstefnu sett fram hugmynd sem ætlað er að framlengja líftíma skipulags miðhálandisins. „Tillagan, komst, sem betur fer, ekki til umræðu né afgreiðslu fyrir lok síðasta þings. Nú er bara að vona að nýr umhverfisráðherra leggi ekki tillöguna fyrir að nýju, því það myndi gera mjög erfitt að fá veg norðan Vatnajökuls samþykktan,“ sagði Trausti.

Hálandisvegur norðan Vatnajökuls

Fréttablaðið greindi í sumar frá áætlunum hóps [Hálandisvegur ehf.] sem undirbýr

hálandisveg norðan Vatnajökuls í einkaframkvæmd. Vegurinn á að ná frá Nýjadal á Þjórsársvæðinu að sunnanverðu og að Kárahnjúkum að austanverðu. Tæplega 40 kílómetra leggur yrði einnig norður í land, til dæmis að Svartárkoti í Bárðardal. Vegurinn gæti verið tilbúinn á fimm til sex árum. Áætlaður kostnaður er 5 til 5,5 milljarðar króna. Þessi upphæð fáiist til baka á átta til tíu árum.

Ríkisstjórnin kanni hálandisvegi

Fyrr í þessum mánuði var lögð fram á Alþingi tillaga til þingsályktunar um uppbyggða vegi um hálandið. Þau Haraldur Einarsson og Jóhanna María Sigmundsdóttir, Framsóknarflokkki, auk Vilhjálmur Árnasonar, Sjálfstæðisflokkki, eru flutningsmenn tillögunnar.

Tillagan fjallar um að ríkisstjórnin standi fyrir því að kanna þjóðhagslega hagkvæmni þess að hálandisvegir landsins verði bættir og lagfærðir. Gerð verði forkönnun á umhverfisáhrifum og könnuð samfélagsleg áhrif framkvæmdarinnar, m.a. áhrif á ferðaþjónustu, byggðapróun, öryggi og á tækifæri á norðurslóðum.

Í greinargerð segir að hálandisvegir hafi verið í niðurníðslu undanfarin ár og flokkist frekar sem slóðar en vegir. Af þessum sökum verði þeir ófærir fyrr en skyldi og séu auk þess hættulegri en ella.

Þar segir að uppbyggðir hálandisvegir hafi gríðarleg áhrif á ferðaþjónustu og muni án efa dreifa vaxandi fjölda ferðamanna, jafnt erlendra sem innlendra, betur um landið en nú er. Bættir hálandisvegir séu líklegir til að lengja ferðamannatímabilið á þeim stöðum þar sem aukning ferðamanna er minnst.



Fréttir Sunnlendinga sunnlenska.is

Fréttir

Trausti kynnir „Mótun framtíðar“

20. nóvember 2015 *á Trýggvasvaskála, Selfossi*

Trausti er þekktur fyrir að hafa sett fram mjög frumlegar og djarfar hugmyndir, t.d. um flugvöll á Lönguskerjum, Sundabraut fyrir framan byggðina í NA-hluta Reykjavíkur. En einna þekktastur er hann fyrir hálendisvegi til að stytta verulega leiðir á milli landshluta þar á meðal hinar fornu leiðir um Sprengisand og Kjalveg.

Trausti mun sérstaklega fjalla um mikilvægi Kjalvegar og sýna vídeómyndir máli sínu til stuðnings. Í tilkynningu frá Trausta segir að bættur Kjalvegur sé mjög mikilvægur fyrir aukið samstarf Sunnlendinga og Norðlendinga í

framtíðinni og hafi mikla þýðingu fyrir íslenska sem erlenda ferðamenn.

Guðni Ágústsson, fyrrverandi alþingismaður og landbúnaðarráðherra, mun stýra fundinum.

Allir velkomnir

Vegir í einkaframkvæmd

<http://www.malefnin.com/ib/topic/96718-vegir-i-einkaframkvaemd/#comment-1086526>

Vinni: Posted 6 Febrúar, 2007

Nú er talað um að eitthvað félag leggi heilsársveg yfir Kjöl, og það þá væntanlega í einkaframkvæmd. Við þessar hugmyndir vakna ótal spurningar sú fyrsta gæti t.d verið - hvað ætla þeir að greiða í leigu fyrir vegstæðið, og hvað ætla þeir að greiða í bætur fyrir náttúruspjöll?

Eða stendur til að færa þeim leikvöll fyrir sitt áhættufé algerlega án endurgreiðslu?

Annað dæmi og engu betra er sú merkilega hugmynd að tvöfalda þjóðveg 1 milli Reykjavíkur og Selfoss og það í einkaframkvæmd. Ég sé ekki betur en að með því fyrirkomulagi sé verið að pota viðbótar millilið inn í framkvæmdina sem þarf örugglega sína ávöxtun og eykur bara kostnaðinn við framkvæmdina. Eða hvernig sjá málverjar þetta fyrir sér, stendur til að einkavæða þjóðveg 1 milli RVK og SELF og rukka veggjöld til að standa undir framkvæmdinni?

Ef ég man rétt var talið að þessi tvöföldun "rúmaðist ekki á vegaáætlun" og því var horft til einkaframkvæmdar, sem er líklega umorðun á því að láta einkafyrirtæki taka lánin, en ríkið skuli síðan borga þau - tvisvar líklega.

Hver er ávinningurinn af þessum hugmyndum fyrir skattgreiðendur?

Áður en menn missa sig í hagkvæmni einkaframfatsins þá er rétt að minna á að framkvæmdir af þessu tagi eru einatt boðnar út.

Zyklus: Posted 6 Febrúar, 2007

Ef einkaaðilar hafa áhuga á að leggja veg yfir Kjöl og stytta þar með vegalengdina á milli Akureyrar og Reykjavíkur er það bara hið besta mál.

Jafnvel þótt það þýði að maður þurfi að greiða veggjald. Ef maður er ekki tilbúinn að greiða veggjaldið hefur maður alltaf val um að fara hina leiðina.

Hér er bara verið að koma með annan möguleika sem fólk getur valið sér að nýta og er það bara mjög gott mál.

Á meðan að það er val á milli leiða er þetta bara jákvætt.

Hins vegar ef allir vegir væru í einkaeigu og eigendur gætu sett upp himinhátt verð því neytendur hefðu ekki um aðra valkosti að velja þá værum við komin í slæm mál.

Ríkið verður að sjálfsgöðu að halda úti góðu vegakerfi en það er alltaf jákvætt að fá fleiri möguleika og ef fólk vill geta nýtt sér vegi sem eru í einkaeign er það auðvitað ekkert nema sjálfsagt að gefa fólkinu það val.

Fleebah: Posted 6 Febrúar, 2007

☑ Vinni said: ...hvað ætla þeir að greiða í leigu fyrir vegstæðið, og hvað ætla þeir að greiða í bætur fyrir náttúruspjöll?

Hvað greiðir ríkið í leigu fyrir vegstæði? Hvað greiðir ríkið fyrir náttúruspjöll? Af hverju eiga einkaaðilar að lúta miklu strangari reglum en ríkið fyrir sama verk? Ertu ekki að ýja að því hér?

Annars er ekkert að svona framkvæmdum. Fyrir það fyrsta er ég orðinn dauðleiður á Þjóðvegi 1 til Akureyrar (fer þangað reglulega) og í annan stað er þetta einkaframtak, ef af verður, merki um getuleysi Sturlu Böðvarssonar. Alveg eins og Hvalfjarðargöngin eru minnisvarði um sama getuleysi. Og ekki var skortur á bölmóðsröddum þegar það verk fór af stað. Er einhver að sýta það verk í dag? Held ekki....